



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Aðgerðaáætlun til að draga úr notkun plastpoka

Hinn 1. júlí 2015 ályktaði Alþingi með þingsályktun nr. 18/144 að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að finna leiðir til að minnka plastpokanotkun hér á landi og birta aðgerðaáætlun. Við val á leiðum skyldi litið til annarra ríkja í Evrópu þar sem markvisst hefur verið dregið úr plastpokanotkun. Starfshópur var skipaður af umhverfis- og auðlindaráðherra í byrjun árs 2016 til að móta tillögur að aðgerðum um hvernig draga megi úr notkun plastpoka með árangursríkum hætti og setti starfshópurinn saman tillögu að aðgerðaáætlun.

Eftirfarandi aðgerðaáætlun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins gildir fyrir árin 2016 til 2018 og hefur það að markmiði að draga úr plastpokanotkun á Íslandi.



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Aðgerðaáætlun til að draga úr notkun plastpoka 2016 -2018

Júlí 2016	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti felur Úrvinnslusjóði að hefja undirbúning við að skipta upp tollflokum og taka saman tölulegar upplýsingar um notkun einnota burðarplastpoka á Íslandi.
Ágúst 2016	Framkvæmdahópur verslunarinnar um að draga úr notkun einnota burðarplastpoka tekur til starfa.
Ágúst 2016	Samráðshópur til að draga úr notkun einnota burðarpoka tekur til starfa.
Ágúst – september 2016	Undirbúningur er hafinn að sértæku eins árs verkefni til að hefja umræðuna um að draga úr einnota plastpokanotkun og öðrum einnota umbúðum.
September 2016	Samningur Samtaka verslunar og þjónustu og umhverfis- og auðlindaráðuneytis um að draga úr notkun plastpoka er undirritaður.
9. og 10. september 2016	Umhverfisstofnun kynnir aðgerðir til að draga úr notkun á einnota burðarplastpokum og öðrum einnota umbúðum á ráðstefnu um úrgangsförvarnir – <i>Saman gegn sóun</i> .
Október 2016	Umhverfisstofnun setur fram tilmæli til verslana um lágmarksupphæð gjalds burðarpoka.
Október 2016	Verslanir eru hvattar til að leggja gjald á alla burðarpoka og að hafa tiltækar aðrar lausnir en notkun einnota burðarpoka til að koma vörinni heim.
Nóvember 2016	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald um einnota burðarplastpoka er tilbúið til framlagningar á Alþingi.
Frá 1. janúar 2017	Framkvæmdahópur verslunarinnar vinnur í a.m.k. eitt ár að skipulagi á fræðslu og kynningu fyrir almenning og verslanir um óþarfa notkun einnota burðarpoka og kynnir aðrar mögulegar lausnir til að snúa núverandi þróun við svo draga megi almennt úr notkun einnota umbúða.
2017 og 2018	Framkvæmdahópur verslunnar annast fræðslu um verkefnið „ég er ekki plastpoki“.
Mars 2017	Verkefni um samanburð á umhverfisáhrifum plastpoka, margnota poka og lífbrjótanlegra poka, lýkur. Umsjónaraðili verkefnisins er Umhverfisstofnun.
Desember 2017 og 2018	Samband íslenskra sveitarfélaga upplýsir Umhverfisstofnun hvaða skref hafi verið tekin til að tryggja flokkun úrgangs, að íbúar hafi aðgang að þjónustu á þessu sviði þannig að flokkun úrgangs verði einföld og markviss og dragi þannig úr plastpokanotkun vegna úrgangs, sem og að upplýsingar um lausnir við meðhöndlun úrgangs feli ekki í sér notkun plastpoka.
2018	Frumvarp til laga sem kveður á um að óheimilt verði að afhenda burðarpoka án endurgjalds og að gjaldið verði sýnilegt á kassakvittun er tilbúið til framlagningar á Alþingi. Stefnt að gildistöku eigi síðar en 1. janúar 2019.